

**Tillögur að nýjum lagareglum um
öryggisráðstafanir**

Hádegisfundur, Lagadeild og sálfræðisvið
Háskólans í Reykjavík, 15. febrúar 2013

Róbert R. Spanó prófessor
forseti Lagadeildar Háskóla Íslands

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Meginþættir erindis

A. Helstu markmið breytinga í frumvarpi frá gildandi lögum.
B. Hvað eru öryggisráðstafanir?
C. Beiting öryggisráðstafana gagnvart dómþola sem lokið hefur afplánun.
D. Öryggisráðstafanir og mannréttindi.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Helstu markmið breytinga í frumvarpi
frá gildandi lögum**

- VII. kafli (62.-67. gr.) almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fjallar um "öryggisráðstafanir" o.fl.
- Staðið að mestu óbreytt í rúm 70 ár.
- **Helstu markmið:**
 1. Skilgreina betur samspil einstakra úrræða og skilyrði fyrir beitingu þeirra.
 2. Færa orðalag til nútímalegra horfs og tryggja betur mannréttindi.
 3. Auka gegnsæi lagareglna og gera þær fyrirsjáanlegri.
 4. Aðeins almennar heimildir, en beiting þeirra verður háð framboði úrræða hverju sinni og læknisfræðilegri upplýsingagjöf í einstöku máli, sjá 8. gr. frumvarpsins.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hvað eru öryggisráðstafanir?

- Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins, sem yrði 62. gr. hgl:
 1. mgr. Nú er maður sýknaður samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða niðurstaða dóms verður sú samkvæmt ákvæðum 16. gr. að refsing sé árangurslaus, og má þá ákveða í dómi, ef nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis, að gerðar skuli ráðstafanir til að fyrirbyggja frekari afbrot.
 2. mgr. Nú teljast vægari ráðstafanir, svo sem eftirlit, þar á meðal rafrænt eftirlit, ákvörðun varðandi dvalarstað og vinnu, lyfjameðferð, meðferð vegna áfengis- og vímuefnanotkunar eða geðmeðferð, ekki fullnægjandi og má þá ákveða í dómi að maður skuli vistaður á geðdeild, viðeigandi heimili eða stofnun.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Öryggisráðstafanir að lokinni
afplánun fangelsisdóms**

Gildandi 67. gr. hgl. hefur ekki verið raunhæft og virkt úrræði, sbr. t.d. Hrd. 1990, bls. 1489.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hrd. 1990, bls. 1489

- Ákærvaldið gegn S (kynferðisbrot gegn 7 ára dreng).
- Hæstiréttur: "Krafa ákærvalds um gæslu ákærða eftir afplánun refsingar samkvæmt 67., sbr. 66. gr. almennra hegningarlaga, er byggð á því, að í ljósi sakarferils ákærða og niðurstöðu geðrannsóknar megi búast við, að hann haldi áfram skirlífisbrotum. Ekki hefur af ákærvalds hálfu verið gerð grein fyrir því, hvernig umræddri gæslu yrði háttáð og hvort kostur sé á gæslu annars staðar en í fangelsi. Með hliðsjón af þessu þykir þessi krafa ákærvalds ekki nægilega rökstudd, og ber að vísa henni frá sakadómi."

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Tillögur að nýju ákvæði, sbr. 5. gr. frv.

- Ákvæði 5. gr. frumvarpsins, sem yrði 64. gr. hgl.:
- Sé maður dæmdur í fangelsi fyrir manndráp, stórfellda líkamsárás eða annað gróft ofbeldis- eða kynferðisbrot, eða tilraun til slíkra brota, og dómur telur verulegar líkur á því í ljósi sakaferils og andlegs ástands hans við lok afplánunar, svo og af undanfarandi breytni hans, að hann muni drýgja ofbeldis- eða kynferðisbrot begar afplánun lýkur og sé því hættulegur umhverfi sínu má dómari ákveða í sérstöku máli, sem höfðað er að tilhlutan ákærvaldsins eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok afplánunar enda komi reynslulausn ekki til greina, að beitt skuli öryggisráðstöfunum skv. 62. gr. að lokinni afplánun. Heimilt er að ákveða að vistun manns fari fram í fangelsi, enda verði sú ráðstöfun ekki talin andstæð hagsmunum hans. Um beitingu ráðstafana samkvæmt þessari grein gilda að öðru leyti ákvæði 62. gr. a, 65. gr. og 66. gr.

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Meginþættir 5. gr. frumvarpsins

- Verknaðir sem liggja til grundvallar fangelsisrefsingu skýrt skilgreindir.
- Sönnunarmælikvarði "verulegar líkur" er rýmri en samkvæmt gildandi 67. gr. ("mjög sennilegt má telja af því").
- Tímasetning við mat – þrjár mánuðir áður en reynslulausn kemur til greina annars þrjár mánuðir fyrir lok dæmdrar fangelsisrefsingar.

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Öryggisráðstafanir og mannréttindi

HÁSKÓLI ÍSLANDS



Ákvæði stjórnarskrárinnar og Mannréttindasáttmála Evrópu

- Í 1. mgr. 67. gr. stjkskr. segir: "Engan má svipta frelsi nema samkvæmt heimild í lögum".
- Í c-lið 1. mgr. 5. gr. er MSE mælt fyrir um heimild til að setja mann í löglega gæsla enda sé með rökum talið "nauðsynlegt að koma í veg fyrir að hann fremji afbrot".
- Í e-lið 1. mgr. 5. gr. MSE er mælt fyrir um heimild til að setja mann í löglega gæslu sem er "andlega vanheill".
- Ákvæði 1. mgr. 68. gr. stjkskr. og 3. gr. MSE um bann við ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sjá RRS: Stjórnarskráin, Mannréttindasáttmáli Evrópu og meginreglur refsiréttar, bls. 69-78.
- Samspil við heimildir löggræðisлага nr. 71/1997 um nauðungarvistun.

HÁSKÓLI ÍSLANDS



McGlinchey o.fl. gegn Bretlandi 2003

- **46. mgr.:** "Under [Article 3] the State must ensure that a person is detained in conditions which are compatible with respect for her human dignity, that the manner and method of the execution of the measure do not subject her to distress or hardship of an intensity exceeding the unavoidable level of suffering inherent in detention and that, given the practical demands of imprisonment, her health and well-being are adequately secured by, among other things, providing her with the requisite medical assistance ..."
- **Peer Lorenzen o.fl., bls. 231-232:** "Psykisk syge varetægtsarrestanter og straffasonere skal anbringes i et passende psykiatriske hospital eller i et fængsel med en specialiseret psykiatriske afdeling".

HÁSKÓLI ÍSLANDS

